


Fjárlaganefnd Alþingis  
Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. október 2020

### Efni: Umsögn BHM um frumvarp til fjárlaga 2021 og fjármálaáætlun 2021-2025.



Í frumvarpi til fjárlaga er sagt að markmið ríkisfjármálastefnunnar sé að styðja við hagkerfið, bjarga störfum, verja heimilin og skapa viðspyrnu í kjölfar kreppu af völdum heimsfarsóttar. Áherslan skuli lögð á öflugar aðgerðir til stuðnings fólki og fyrirtækjum með það að leiðarljósi að íslenskt samfélag komist eins hratt úr kreppunni og kostur er á. Bandalag háskólamanna fagnar þessum áherslum stjórnvalda á tímum eins mesta samdráttarskeiðs í sögu þjóðarinnar. Hafa ber þó í huga að óvissan um efnahagsframvindu og ferli hennar er meiri en nokkru sinni áður.



### Atvinnuleysið er mesta ógnin á næstu árum

„Framtíðarsýn málefnasviðsins er stöðugleiki á vinnumarkaði sem er mikilvæg forsenda jafnvægis og vaxtar í efnahagslífi.“

Fjárframlög til málaflokksins „vinnumarkaður og atvinnuleysi“ lækka úr 4% af VLF m.v. áætlun ársins 2020 í um 2% af VLF á árinu 2021. Byggist lækkunin m.a. á forsendum í þjóðhagssþá Hagstofunnar um minnkun í atvinnuleysi. Forsendur áætlunarinnar og þ.m.t. útgjaldaramma málefnasviðsins virðast að mörgu leyti brostnar. Hafa ber þar í huga að skráð atvinnuleysi jókst hraðar á árinu 2020 en spár höfðu gert ráð fyrir. Var atvinnuleysið í september 2020 um þrefalt á við september-meðaltal árána 2001-2019. Ástandið er mismunandi eftir landsvæðum, verst er staðan á Suðurnesjum en atvinnuleysið mælist þar 17% meðal karla og 21% meðal kvenna. Er það um fjórum sinnum hærra en meðaltal septembermánaða á árunum 2001-2019. Vinnuáætlun spáir því að atvinnuleysi á Suðurnesjum verði komið í 25% fyrir jól. Engin dæmi eru til um svo mikið atvinnuleysi síðan mælingar hófust.



Tafla 1. Almenn atvinnuleysi í september 2020 og meðaltal septembermánaða 2001-2019.


	Sep-20		Meðaltal sep.2001-2019		Atvinnuleysi sep.20/sep.01-19	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
<b>Allt landið</b>	<b>8,9%</b>	<b>9,2%</b>	<b>2,8%</b>	<b>3,4%</b>	<b>3,2</b>	<b>2,7</b>
Höfuðborgarsvæði	9,3%	9,1%	3,2%	3,6%	2,9	2,5
Vesturland	5,1%	6,3%	1,3%	2,3%	3,8	2,8
Vestfirðir	3,2%	3,4%	1,2%	2,1%	2,7	1,6
Norðurland vestra	2,9%	3,3%	0,9%	1,3%	3,1	2,5
Norðurland eystra	6,0%	6,2%	2,1%	3,1%	2,9	2,0
Austurland	3,6%	5,2%	1,0%	2,1%	3,7	2,5
Suðurland	7,1%	7,8%	1,7%	2,5%	4,3	3,1
Suðurnes	16,7%	21,4%	3,8%	5,2%	4,4	4,1

Staðan er mjög slæm meðal háskólamenntaðra en sem dæmi má nefna að fjöldi ungra háskólamenntaðra kvenna á atvinnuleysisráðum hefur aukist um helming frá vordögum 2020 til haustmánaða. Atvinnuleysi er þá almennt mun hærra meðal erlendra ríkisborgara.

Tafla 2. Aukning í fjölda háskólamenntaðra á atvinnuleysisráðum mars -september 2020.

Aldursbil	Öll menntunarsstig		Háskólamenntaðir	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
16-29 ára	20%	24%	38%	47%
30-49 ára	35%	44%	40%	52%
50-70 ára	21%	37%	41%	27%

Tölur Vinnuálagstofnunar um fjölda atvinnulausra sýna að um 40% atvinnulausra á aldrinum 16-29 ára hafi verið atvinnulaus lengur en 6 mánuði. Hefur hlutfallið verið tiltölulega stöðugt frá efnahagsfalli ársins 2008. Ekki hefur tekist að vinna bug á þessari þróun frá þeim tíma.



Hafa ber í huga að þessi jaðarsetti hópur er að upplifa mikinn efnahagssamdrátt í annað skiptið á ævinni. BHM telur mikilvægt að stjórnvöld marki stefnu um sértækar stuðningsaðgerðir við atvinnulausa m.t.t. stöðu mismunandi menntunarflokka, landsvæða, kynja og aldurs. Koma þarf háskólamenntuðum í skjól fljótt svo langtímaatvinnuleysi festi sig ekki í sessi með tilheyrandi afleiðingum fyrir hag einstaklinga og þjóðfélagsins alls. Hætta er á að vinnumarkaðurinn verði fyrir varanlegum skaða og fjöldi fólks flytji úr landi að loknum heimsfaraldri, sérstaklega ef ákveðnar greinar, þjóðfélagshópar eða heilu landsvæðin ná sér ekki á strik eftir að faraldurinn hefur gengið yfir. Kerfislægt atvinnuleysi gæti aukist og Ísland misst vel menntað ungt fólk úr landi ef ekki er haldið rétt á spilunum.

### Breyttir tímar kallar á breyttar áherslur

Um 65 ár eru síðan verkalýðshreyfingin knúði á um að lög yrði sett um atvinnuleysistryggingar. Margt hefur breyst frá þeim tíma en löggin voru sniðin að þjóðfélagi þar sem atvinnustig var alla jafna hátt og atvinnuleysi iðulega staðbundið og í stuttan tíma. Var atvinnuform þá iðulega einsleitt þ.e. lítið var um samsett tekjuform (launuð vinna og/eða sjálfstætt starfandi). Sl. 50 ár hefur þá hin hljóðláta kvenfrelsisbylting átt sér stað og hinn helmingur mannauðsins, konur, haslað sér völl á vinnumarkaði.

### Lengja verður tekjutengda tímabilið og hækka bótafjárhæðir tímabundið

Öflugt kerfi atvinnuleysistrygginga sem styður við atvinnuleit einstaklinga og dregur úr tekjufalli við atvinnumissi er mikilvægt á tímum kreppu. Í djúpum samdrætti sem þessum ber að hafa í huga að vinnuafleifing hefur hrunið og tækifærin til atvinnuleitar eru fá. Við slíkar aðstæður verður meginhlutverk atvinnuleysistrygginga að koma í veg fyrir fjárhagserfiðleika og styðja við innlenda eftirspurn. Í þessu sambandi má nefna að það var mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í kjölfar hrunsins að hækkan bótafjárhæða og lenging bótatímabila myndu ekki hafa áhrif á virka atvinnuleit. Sterkari atvinnuleysistryggingar voru studdar af AGS í hruninu, t.d. í Bandaríkjunum og á Íslandi, til að draga úr brýnasta vanda atvinnulausra. Rökin um að hærri atvinnuleysistryggingar virki letjandi eiga enn síður við á tímum sem þessum.

BHM fagnar því að tímabil tekjutengingar atvinnuleysisbóta hafi verið framlengt úr þremur mánuðum í sex og að heimild fólks í atvinnuleit til náms hafi verið rýmkuð. En gera verður meira á næstu misserum. BHM telur nauðsynlegt að hækka hámark tekjutengdra bóta enn frekar a.m.k. tímabundið og rýmka námsheimildir enda sé það hluti af virkniurræðum fyrir ungt fólk. Langtímaatvinnuleysi ungs fólks er mikið áhyggjuefni og ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar er lúta að virkri atvinnuleit og skerðingu bóta m.t.t. þátttöku í menntun eiga að mörgu leyti ekki við á þessum tímum. Koma þarf háskólamenntuðum í atvinnuleit í skjól eins fljótt og auðið er og koma í veg fyrir að stór hluti háskólamenntaðra flytji úr landi að lokinni heimskreppu.


### Endurskoða verður tryggingahlutfall sjálfstætt starfandi

BHM hvetur stjórnvöld einnig til að endurskoða ákvæði í lögum um atvinnuleysistryggingar er varðar tryggingarhlutfall sjálfstætt starfandi í atvinnuleysistryggingakerfinu. Miðast tryggingahlutfall sjálfstætt starfandi við hlutfall fjárhæðar reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið af og viðmiðunarfjárhæðar þeirrar starfsgreinar sem einstaklingur fellur undir. Viðmiðunarfjárhæðin er þó í mörgum tilfellum skakkur mælikvarði á verðmætasköpun og þ.m.t. starfshlutfall sjálfstætt starfandi einstaklinga og þá sérstaklega á fyrri hluta starfsævi. Tryggingahlutfall fjölmargra sjálfstætt starfandi einstaklinga er því lægra en fjölmargra launþega nú um stundir þrátt fyrir að einstaklingur hafi stundað fullt starf á síðustu misserum. Endurskoða þarf þetta ákvæði og miða tryggingahlutfall sjálfstætt starfandi við hlutfall af hámarksbótum í stað viðmiðunarfjárhæðar reiknaðs endurgjalds hvernar starfsgreinar og þar með færa kerfið nær því sem tíðkast á Norðurlöndum.

## Styrkja verður stoðir starfsendurhæfingar og námsúrræða með ungt fólk í huga

„Meginmarkmið málefnasviðsins er að flestir geti verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði án tillits til kyns, aldurs, búsetu, fjötlunar eða skertrar starfsgetu.“

Ein helsta áherslan á sviði vinnumarkaðar er „efling stuðningsúrræða við fólk með skerta starfsgetu“ enda getur löng fjarvera frá vinnumarkaði ógnað heilsu og lífsgæðum einstaklinga. Í þessu samhengi ber að nefna að sterkar vísendingar eru um að geðheilsu ungs fólks á Íslandi hraki nú hratt með vaxandi einkennum kvíða og að ungu fólki sem tekur ekki þátt á vinnumarkaði vegna heilsubreysts sé að fjölga. BHM telur það áhyggjuefni að framlög ríkissjóðs til liðarins „starfsendurhæfingarsjóðir“ dragast saman á raunvirði milli frumvarps árána 2020 og 2021.



Hafa ber í huga að áhrif COVID-19 á rekstur VIRK starfsendurhæfingarsjóðs hafa verið veruleg á árinu 2020. Töluverð aukning hefur verið í fjölda þeirra sem leita eftir starfsendurhæfingu á sama tíma og tekjur hafa verið á niðurlæið. Til að halda uppi óskertri þjónustu hefur VIRK brugðið á það ráð að ganga á varasjóði til að halda uppi óskertri þjónustu á árinu. Þá hefur verið hagrætt í rekstri eftir fremsta megni. Fyrirséð er að álagið muni aukast til muna á næstu 12 mánuðum á sama tíma og tekjur sjóðsins fara minnkandi samhliða efnahagslegum samdrætti enda tekjur VIRK hlutdeild af launakostnaði á vinnumarkaði. Vill BHM hvetja stjórnvöld til að auka framlög sín til málaflokksins. Einnig er mikilvægt að Vinnumálastofnun hafi góð úrræði og góð námskeið í boði, svo komið sé í veg fyrir félagslega einangrun og brottfall af vinnumarkaði. Í því ljósi telur bandalagið að auki þurfi fjárheimild til málaflokksins „náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur“. Mikilvægi virkra vinnumarkaðsúrræða hefur sjaldan eða aldrei verið meira en í kjölfar COVID-19 áfallsins. Virk vinnumarkaðsúrræði geta komið í veg fyrir skekktan aðstöðumun ungs fólks gagnvart öðrum kynslóðum til lengri tíma. Atvinnuleysi ungs fólks, einkum ef það varir lengi, getur haft neikvæð áhrif langt fram í tímann. BHM telur það þá mikilvægt að stjórnvöld kanni möguleikann á því að atvinnuleysisbætur fylgi fólki inn í vinnu í meiri mæli en nú er.

## Fjölga þarf úrræðum á fyrsta stigi heilbrigðisþjónustu


Forystufólk stéttarfélaganna heilbrigðisstarfsfólks innan BHM er eindregið þeirrar skoðunar að að fjölga þurfi úrræðum á fyrsta stigi heilbrigðisþjónustunnar og tryggja þverfaglega þjónustu í heilsugæslu og félagsþjónustu. Svokölluð lágþröskuldabjónusta þarf að vera aðgengileg öllum. Hún hefur forvarnagildi og sparar fjárhæðir á öðru og þriðja stigi heilbrigðisþjónustunnar. Margir þurfa m.a. aðstoð við að draga úr kvíða og þunglyndi sem getur aukist við óvissuna í samfélaginu. Bæta þarf aðgengi að félagsráðgjöfum, sálfræðingum og iðjupjálfum hjá heilsugæslunni. Hafa ber þar í huga að á árinu 2019 voru áætluð heildarframlög ríkisins til bóta vegna andlegrar örorku um 19 milljarðar kr. og talið að þau

geti meira en tvöfaldast á næsta áratug. Efling snemmtækra inngripa getur því talist mjög þjóðhagslega hagkvæm.

Proskapjálfar telja brýnt að staða fatlaðra einstaklinga í framhaldsskóla sem flestir geta ekki nýtt sér fjarnám verði skoðuð sérstaklega og hvernig betur megi koma til móts við þeirra þarfir. Velferðarvakt félagsmálaráðuneytisins hefur lykilhlutverki að gegna við að koma auga á brotalamir í félagsþjónustu og benda á leiðir til úrbóta en ljóst er að lífsgæði fatlaðs fólks, langveikra og aldraðra hafa rýrnað í faraldrinum. Veita þarf rétta heilbrigðisþjónustu, á réttum stað, með réttum hætti, eins og segir í stefnumörkun. Leiðarljós samfélagsins hljóta að vera öflugar forvarnir og endurhæfing. Margs konar þjónusta á undir högg að sækja í farsóttinni. Þá er ástæða til að styrkja til muna áfallamiðaða þjónustu á heilsugæslunni næstu árin en nú þegar má sjá aukningu í mati til örorku og í aðsókn í þjónustu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs.

## Koma verður til móts við sveitarfélögin

Viðnám sveitarfélaga fyrir tekjuskerðingu ársins 2020 og efnahagslegum samdrætti næstu missera er lítið sem ekkert. Sveitarfélögin í landinu fara inn í COVID-19 kreppuna með slæma fjárhagsstöðu og skuldbindingar um mun meiri þjónustubýngd en ríkissjóður m.a. tengt félags- og velferðarþjónustu. Sveitarfélagastigið hefur ekki notið skuldalækkunar eins og ríkissjóður í kjölfar framlags slitabúa en við það vænkaðist hagur ríkisins og viðnámsgeta umfram sveitarfélög til muna. Tilflutningi á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 fylgdi heldur ekki nægilegt fjármagn. Samband íslenskra sveitarfélaga telur að 50 ma.kr. vanti inn í rekstur sveitarfélaga næstu 2 árin. Í þessu samhengi er mikið áhyggjuefni að framlög ríkissjóðs til sveitarfélaga hafa farið minnkandi undanfarið og verður svo áfram.



Áframhaldandi viðleitni stjórnvalda í þessa veru mun knýja sveitarfélög til blöndu skattahækkana og niðurskurðar í rekstri sem bitna mun mest á grunnþjónustu m.a. félags- og velferðarþjónustu og vega upp á móti hagstjórnaraðgerðum ríkissjóðs á gildistíma fjármálaáætlunar.

Tafla 3. Framlög til sveitarfélaga á verðlagi 2021, breyting%.

	2020	2021	2022	2023
<b>08 Sveitarfélög og byggðamál</b>		<b>-8,6%</b>	<b>2,6%</b>	<b>3,3%</b>
08.10 Framlög til sveitarfélaga		-8,1%	2,7%	3,7%
08.20 Byggðamál		-13,3%	1,6%	-0,3%

Hafa ber í huga að geta sveitarfélaganna til skuldsetningar er takmörkuð en ríkissjóður getur fjármagnað sig á lægri vöxtum en sveitarfélögin. OECD hefur mælt með því að ríkisstjórnir aðildarlandanna hlupi undir bagga með sveitarfélögum í formi aukinna styrkveitinga til skamms- og





meðallangs tíma. Er slíkt sagt mikilvægur hluti af hagstjórnaraðgerðum stjórnvalda á tíma COVID-19. Það er sérstaklega mikilvægt á Íslandi enda sveitarfélagastigið frábrugðið því sem tíðkast í öðrum ríkjum að því leyti að 80% af tekjum sveitarfélaga eru skatttekjur en sveitarstjórnastigið í öðrum löndum er styrkt af hinu miðlæga ríkisvaldi í meiri mæli. Tekjustofnar sveitastjórnarstigsins á Íslandi eru mjög næmir fyrir hagsveiflunni og áföll draga þar með úr getu til viðspyrnu á sama tíma og þörfin fyrir hana er mest. Mikilvægt er að marka stefnu um viðnám og viðspyrnu sveitarfélaga með skjótum hætti. Hafa ber í huga að sveitarstjórnarstigið ber hlutfallslega mikla ábyrgð á grunnþjónustu m.a. félagsþjónustu sem ávallt er þörf fyrir en ekki síður meðan á þessum faraldri stendur og einnig á tíma viðspyrnu. Þessi grunnþjónusta er að miklu leyti bundin í lög og lítið svigrúm til endurskipulagningar hennar.

## Auka þarf stuðning við barnafjölskyldur með lágar- og millitekjur

„Gott samfélag er barnvænt samfélag... framtíðarsýnin er að Ísland verði samkeppnishæft við aðrar Norðurlandþjóðir um lífskjör en mikilvægur þáttur þess er að búa vel að börnum og fjölskyldum þeirra.“

Á fjárlögum fyrir árið 2021 er áætlað að um 13,1 ma.kr. verði ráðstafað í gegnum kerfi barnabóta. Lagt er til að framlögin verði óbreytt á árunum 2022 og 2023. Séu bæturnar umreiknaðar yfir á hvert barn á Íslandi á verðlagi ársins 2021 má sjá að framlög til barnabóta skerðast á hvert barn á Íslandi.



Heimild: Barnabætur á Íslandi í samanburður við Norðurlönd (BSRB, 2019)

Skerðingarmörk barnabóta m.t.t. tekna liggja mjög lágt á Íslandi m.v. önnur Norðurlönd og bæturnar orðnar að nær engu fyrir millitekjufólk eins og sjá má á mynd að ofan. Í Danmörku liggja skerðingarmörk vísitölufjölskyldu við 90% af meðal atvinnutekjum fjölskyldna með tvær fyrirvinnur en barnabætur hafa þá verið skertar um nær 85% á Íslandi. Skerðingin er þá mun brattari hér en í Danmörku. Kerfi barnabóta hér á landi er í grundvallaratriðum ólíkt kerfi annarra Norðurlandþjóða en þar eru barnabætur almennt ótekjutengdar og greiddar til allra barnafjölskyldna.

Tafla 4. Barnabætur meðallaunafjölskyldunnar eftir fjölda barna (4-10 ára) árið 2018 (BSRB, 2019).

Kaupmáttarleiðréttar fjárhæðir (2018 verðlag)				
	1 barn	2 börn	3 börn	4 börn
IS	0	5.055	21.306	287.206
DK	247.205	524.448	742.698	960.948
FI	185.596	390.675	652.383	952.138
NO	163.901	327.802	491.703	65.605
SE	207.016	443.605	740.130	1.146.275

Barnabætur eru annars vegar greiddar til einstæðra foreldra og hins vegar til sambúðarfólks. Fyrir börn undir 18 ára aldri eru bætur 67% hærri með fyrsta barni hjá einstæðum foreldrum en sambúðarfólki. Með öðru barni eru þær síðan 44% hærri. Þessi hlutföll hafa verið eins frá 1998. Fyrir tekjur umfram

ákveðin mörk eru barnabætur skertar um ákveðna hlutfallstölu af umframtekjunum sem fer eftir fjölda barna. Viðbótarbætur eru greiddar með börnum undir 7 ára aldri og eru þær jafn háar fyrir einstæða foreldra og sambúðarfólk.

Þá hafa skerðingarmörk haft mun meiri áhrif á sambúðarfólk en einstæða foreldra sem býr til hvata í barnabótakerfinu til að skrásetja sig sem einstætt foreldri enda þótt einstaklingar séu í sambúð. Þessi hjónabandsrefsing er dæmi um það hvernig stjórnvöld mismuna barnafjölskyldum eftir sambúðarformi. Á síðustu árum hefur verið stigin jákvæð skref í málaflokknum en á árinu 2021 er ekki gerðar tillögur um breytingar til batnaðar.

Bandalag háskólamanna hvetur stjórnvöld til að fara í gagngera endurskoðun á barnabótakerfinu með það í huga að stuðningurinn nái til millitekjuhópa í meiri mæli en nú er. Hækka ætti skerðingarmörk barnabóta í skrefum til ársins 2025 og skyldu barnabætur fylgja barni. Þá er vert að minna á að stjórnvöld lögðu í byrjun júní til viðbótarfjárhæð í málaflokkinn sem nam 3 milljörðum króna. Þetta var gert til að aðstoða barnafjölskyldur í kjölfar ástandsins síðasta vetur. Ástandið er ekki síður slæmt nú á haustmánuðum og vert að velta því upp hvort ekki sé tilefni til að endurtaka slíka styrkgreiðslu í vetur.

## Sögulega tækifærið

Fyrir Alþingi liggur frumvarp félags- og barnamálaráðherra um fæðingar- og foreldraorlof. Það er niðurstaða heildarendurskoðunar með þátttöku aðila vinnumarkaðarins. Þar er lagt til að lengja fæðingarorlofið úr 10 í 12 mánuði og að þeir mánuðir skiptist jafnt milli foreldra þó þannig að einn mánuð megi framselja til hins foreldisins. Í frumvarpinu felst sögulegt tækifæri til að tryggja rétt barna til samvista við báða foreldra sína á mikilvægasta mótunarskeiði lífsins. Í því felst einnig tímabær breyting á fyrirkomulagi skiptingar fæðingarorlofsins á milli beggja foreldra, þannig að þau/þær/þeir axli jafna ábyrgð á umönnun barna fyrsta æviárinu.

## Veita þarf meiru til menningar og lista

Fjölmörg ríki innan OECD hafa gripið til þess ráðs að skilgreina sértækar aðgerðir í þágu listamanna á árinu 2020. Til dæmis má nefna að 25 –28 lönd innan OECD hafa veitt styrki til einstaklinga og/eða fyrirtækja á sviði lista- og menningartengdrar starfsemi. Mikilvægt er að styðja við menningu og listir á Íslandi á tímum fordæmalauss samdráttar. Í ljósi þessa er það nokkurt áhyggjuefni að dregið er úr rekstrarframlögum til styrkja á sviði lista- og menningar í fjárlögum 2021.

Tafla 5. Rekstrarframlög til styrkja til starfsemi á sviði lista- og menningar á verðlagi 2021.

	2020	2021	2022	2023
<b>02-982 Samn. og styrkir til starfsemi á sviði lista og menningar</b>	<b>2757</b>	<b>2494</b>	<b>2373</b>	<b>2379</b>
110 Útflutningssjóður íslenskrar tónlistar	21	20	20	19
111 Myndlistasjóður	59	96	94	93
114 Bókasafnssjóður höfunda	128	197	193	192
118 Miðstöð íslenskra bókmennta	113	108	106	105
120 Stuðningur við útgáfu bóka á íslensku	411	392	384	380
121 Samn. og styrkir til starfsemi á sviði lista og menningar	1592	1160	1064	1082
122 Starfsemi áhugaleikfélaga	19	18	18	18
124 Starfsemi atvinnuleikhópa	102	137	134	133
125 Tónlistarsjóður	74	110	108	107
126 Hljóðritunarsjóður tónlistar	42	40	39	39
152 Barnamenningarsjóður Íslands	103	98	96	95
159 Bókasafnasjóður	0	25	25	24
170 Heiðurslaun listamanna	94	92	92	92

## Velferð dagsins í dag eða hagvöxtur framtíðar

BHM fagnar áherslum ríkisstjórnarinnar um eflingu nýsköpunar á Íslandi en ljóst er að aukin fjölbreytni útflutningsatvinnuvega er ein meginforsenda hagvaxtar og aukins stöðugleika í íslensku hagkerfi til framtíðar. Fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar í innviðum er þá í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda úr stjórnarsáttmálanum.

Tafla 6. Útgjaldaaukning til málaflokka á verðlagi ársins 2021.

	Fjárlög 2020	Áætlun 2020	2021	2022	2023	2024	2025
<b>Nýsköpun og samgönguinnviðir</b>	<b>65</b>	<b>79</b>	<b>85</b>	<b>76</b>	<b>72</b>	<b>64</b>	<b>60</b>
%		21%	7%	-10%	-6%	-11%	-6%
Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	16	23	26	27	25	22	20
Samgöngu- og fjarskiptamál	49	56	59	49	47	42	40
<b>Velferð og heilbrigði</b>	<b>484</b>	<b>584</b>	<b>536</b>	<b>543</b>	<b>548</b>	<b>540</b>	<b>544</b>
%		21%	-8%	1%	1%	-1%	1%
Sjúkrahúspjónusta	109	119	120	126	130	125	124
Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	58	62	61	63	65	66	68
Hjúkrun- og endurhæfing	58	56	62	65	65	60	62
Örorka og málefni fatlaðs fólks	77	79	80	81	83	85	87
Málefni aldraðra	88	89	91	93	96	99	102
Fjölskyldumál	43	48	46	47	47	48	48
Vinumarkaður og atvinnuleysi	38	118	64	56	50	46	44
Húsnæðisstuðningur	14	14	13	13	11	11	11

BHM vill þó benda á að mikilvægt er að finna rétt jafnvægi milli þess að undirbúa jarðveginn fyrir hagvöxt framtíðar og þess mikilvæga verkefnis að viðhalda velferð fólksins og fyrirtækjanna í landinu sem verða nú fyrir barðinu á COVID-19 samdrættinum. Hvað framtíðina snertir er þá mikilvægt að stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki m.a. endurgreiðslur vegna rannsókna- og þróunar beinist fyrst og fremst að sprotafyrirtækjum og litlum- og meðalstórum fyrirtækjum og síður að rótgrónum alþjóðlegum fyrirtækjum sem eru stöndug m.t.t. fjárhagslegra mælikvarða og rannsóknarvirkni. Fórarkostnaður fjárútláta ríkissjóðs er endá mikill nú um stundir þegar leita þarf allra leiða til að tryggja afkomuöryggi og velferðarstig.

BHM geldur þá varhug við því að gripið sé til veikingar á tekjustofnum ríkisins á árinu 2021 umfram það sem boðað er með breytingum í tekjuskattkerfinu. Slíkar aðgerðir munu skila sér í aukinni skattbyrði á launafólk á tímum viðspyrnu og afkomubætandi ráðstafana. Stjórnvöld geta ekki gert allt fyrir alla og þarna takast á sjónarmið um hvað er gert til að viðhalda velferð í dag og hvað er gert sem skilar sér til framtíðar. Mikilvægasta verkefni stjórnvalda nú um stundir er endá að koma í veg fyrir að íslenska hagkerfið verði fyrir varanlegum skaða af faraldrinum um leið og búið er í haginn fyrir framtíðina.

f.h. BHM



Vilhjálmur Hilmarsson, hagfræðingur BHM.

[vilhjalmur@bhm.is](mailto:vilhjalmur@bhm.is)

595 5128